

Eflum lesskilning

Kynning á meistaraverkefninu
Lesskilningsferlið: Áhrifaþættir og leiðir
sem efla lesskilning

Hvað er lesskilningur?

- ▶ *Lesskilningur* er túlkun lesandans sjálfs á þeim texta sem hann les hverju sinni.
- ▶
- ▶ Lesskilningsúrvinnslan felur í sér hárfínt samspil margra hugrænna þátta.



Lesskilningsúrvinnsla þjáfaðs lesanda með góðan lesskilning líkist meðvitaðri skynjun sem er sjálfkrafa, fyrirhafnarlaus og árangursrík (Perfetti o. fl., 2005).

Undirstöðupættir lesskilnings

- ▶ Talmál
- ▶ Málskilningur/hlustunarskilningur
- ▶ Orðaforði
- ▶ Bakgrunnsþekking
- ▶ Ályktunarhæfni
- ▶ Umskráningarfærni
- ▶ Námsvitund
- ▶ Vinnsluminni



Talmál

▶ Samræður eru fyrsta form tungumálsins.

◦ Samræður eru:

- Bundnar við stund og stað.
- Byggja á samspili þeirra sem ræða saman.
- Hægt að styðjast við við vísbendingar sem felast í blæbrygðum raddarinnar, bendingum og öðrum óýrtum skilaboðum (Cain og Oakhill, 2007).



Frásagnir eru eintal þess sem segir frá.

- Fólk á auðveldara með samræður en frásagnir (Kamhi og Catts, 2005).

Frásagnir – ritaður texti

▶ *Sameiginlegt með frásögnum og rituðum texta;*


- eintal þess sem talar eða skrifar
- ekki bundið við stund og stað
- ekki hægt að styðjast við óyrt skilaboð
- orðaforði er óhlutbundnari og sjaldgæfari en í frásögnum
- ekki hægt að spyrja viðmælanda
- þarf að treysta á eigin bakgrunnsþekkingu

(Kamhi og Catts, 2005).

Málskilningur/hlustunarskilningur

- ▶ *Undirstaða lesskilnings*
- ▶ Þróast nokkuð samhliða lesskilningi
- ▶ Ekki trygging góðs lesskilnings því við lestur er ekki hægt að styðjast við;
 - óyrt skilaboð
 - blæbrigði í rödd viðmælanda
 - spyrja viðmælanda
- ▶ Reynir einnig á umskráningu.

(Cain og Oakhill, 2007).



Orðaforði



► ***Orðaforði er ein meginforsenda málskilnings og lesskilnings:***

- Orðaforði talmáls (þróast fyrst og er oftast stærstur)
- Orðaforði hlustunar
- Orðaforði lesturs (getur orðið stærstur hjá þeim sem lesa mikið).
- Orðaforði ritunar (þróast síðast).

(Snow o. fl., 1998)

Bakgrunnsþekking

► *Er forsenda þess að álykta og skilja það sem textinn greinir frá.*

- **Getur verið;**

- almenn þekking lesandans
- tengst merkingu einstakra orða
- tengst efni textans sérstaklega
- sjálfgefin þekkingu á því sem er almennt eða sameiginlegt (*skema*)
- afmörkuð þekking á sérsviðum.

(Kamhi og Catts, 2005)



Ályktunarhæfni



- ▶ Góð ályktunarhæfni er **ein mikilvægasta forsenda lesskilnings** (Hoover og Gough, 1990; Cain og Oakhill, 1999).
- ▶ **Ályktun** felst í að lesandinn tengir vísbendingar í texta við eigin bakgrunnsþekkingu til að öðlast hugmynd um það sem ekki kemur fram í textanum (Harvey og Goudvis, 2007).

Umskráning


- ▶ **Umskráning** (*decoding*); tengir saman hljóð og rittákn og stærri einingar í orð og setningar. Á því stigi er lítið svigrúm fyrir lesskilning (Pearson, 2002).
- ▶ **Umskráningarfærni** (*fluency*); sjónrænn orðalestur með blæbrigðum og áherslum sem endurspeglar skilning á textanum. Þegar umskráning er orðin sjálfvirk og fyrirhafnarlaus getur lesandinn einbeitt sér að skilningsþætti lestursins (Ehri, 2002).

Námsvitund

Er þekking og stjórn lesandans á eigin hugsun.

► *Lesandi með góða námsvitund;*

- metur skilning sinn
- íhugar það sem er nýlesioð
- hvað skiptir mestu máli
- grípur til ráða til að þess að vinna bug á skilningsvanda



(Cain og Oakhill, 2007; Hatcher, 2006).

Vinnsluminni;



- ▶ felur í sér virka minnisgeymd
- ▶ geymir tímabundið mikilvægar, nýlesnar upplýsingar á meðan lesandinn vinnur úr þeim
- ▶ ræður því hve úrvinnslan er öflug á meðan lesandinn einbeitir sér að lestrinum.
- ▶ Það reynir á vinnsluminni þegar framkvæma þarf eitthvað á meðan annað er geymt í skammtímaminni.

(Baddeley, 1992; Kintsch og Rawson 2005).

Það sem hefur áhrif á lesskilning

► Uppeldisaðstæður

- Mikil örvun og endurgjöf í barnæsku
- stuðlar að málþroska og vitsmunaproska.
- Samskipti umönnunaraðila og þá sérstaklega móður og barns (foreldra) eru mikilvæg fyrir tileinkun tungumálsins (Hoff og Naigles, 2002)
- Hlustun á lestur eflir orðaforða og málskilning
- Góður aðgangur að lestrartengdu efni örvar áhuga barna fyrir lestrartengdri iðju (Landry og Smith, 2006).



Eiginleikar kennara

- ▶ **Eiginleikar kennara** sem byggja upp sjálfstraust og efla sjálfstæði nemenda og hvetja þau til samskipta og þátttöku;
 - hlýja, athygli, skilningur
 - ábyrgð, jákvæðni, sveigjanleiki,
 - hvatning, næmi fyrir þörfum.
- ▶ **Jákvæð reynsla** eykur þátttöku barna í læsistengdum verkefnum og stuðlar að lestrarþróun (Pianta, 2006).



Leikskólaganga



- ▶ Yfirleitt er grunnurinn að lestrarnáminu lagður í leikskólanum.
- ▶ Þjálfun undirstöðupátta læsis; orðaforða, hljóðkerfisvitundar og orðþekkingar er mjög góður undirbúningur fyrir lestrarnámið
(Farran o.fl. 2006).



Grunnskólaganga



- ▶ *Áhersla á;* orðaforða, hljóðkerfisvitund, umskráningarfærni, lesskilningsaðferðir.
- ▶ Auðugur orðaforði og málumhverfi
- ▶ Daglegar lestrarstundir þar sem lesið er fyrir nemendahópinn eða nemendur lesa sjálfir (Duke og Pearson, 2002).
- ▶ Tækifæri til samræðna og rökræður styrkja málskilning og tjáningu (Cambourne, 2002).

Lestrarerfiðleikar:

- ▶ ***Sértækir lesskilningserfiðleikar;***
 - góð umskráningarfærni
 - slakur orðaforði, málfræði og skilningur á setningum.
- ▶ ***Sértækir umskráningarerfiðleikar (dyslexia) ;***
 - slök umskráningarfærni
 - góður mál- og lesskilningur.

(Catts og Kamhi, 2005).

Lestrarerfiðleikar:

▶ *Erfiðleikar á málsviði;*

- slök umskráning og hlustunarskilningur
- veikleikar á málsviði
- sértæk málþroskaröskun .

▶ *Annars konar vandi;*

- heyrnardaufir
- tvítyngdir

(Catts og Kamhi, 2005).



Efling lesskilnings

- ▶ Til að öðlast góðan skilning á texta er ekki nægilegt að lesa mikið. Það þarf einnig að beita markvissum lesskilningsaðferðum (Pearson, 2002).



Lesskilningsaðferðir

- ▶ Kennið lesskilningsaðferðir sem hafa mismunandi áherslur og tilgang;
 - **orðaforði, hugtakaskilningur** (merking orðhluta, uppbygging orða, orð líkrar merkingar)
 - **námsvitund** (að hugsa upphátt, spyrja sig spurninga)
 - **bakgrunnspekking** (álykta, hugsa upphátt, spyrja sig spurninga)
 - **samhengi** (greina tengsl atvika og persóna, klifun).

Mismunandi lesskilningsaðferðir

- ▶ Hugsa upphátt.
- ▶ Lesa með mismunandi hætti; skanna, lesa ítarlega, endurlesa, leita að ákveðnum upplýsingum.
- ▶ Endursögn.
- ▶ Samantekt.

Mismunandi lesskilningsaðferðir


- ▶ Skráning; spássía, minnismiðar, töflur, teikningar, samantekt....
- ▶ Samræður/ samvinna nemenda.
- ▶ Vangaveltur; hvaða boðskap er höfundurinn að flytja okkur, lesendum sínum?

Mikilvægt að kennarinn;

- ▶ sýni hvernig á að fara að (hugsar upphátt)
- ▶ styðji nemendur og hvetji
- ▶ leggi áherslu á samvinnu nemenda
- ▶ byggi á bakgrunnsþekkingu nemenda
- ▶ efli gagnrýna hugsun nemenda
- ▶ kenni og þjálfí hverja aðferð fyrir sig
- ▶ beiti smátt og smátt flóknari lesskilningsaðferðum.



Aðferðir þjálfaðra lesenda



- ▶ Eftirfarandi eru dæmi um árangursríkar lesskilningsaðferðir.



Mikilvægt áður en lestur hefst

- ▶ **Líta yfir textann**, skoða titil, myndir, myndrit og aðra þætti eins og fyrirsagnir, efnisyfirlit, mismunandi letur, samantekt eða spurningar í lok kafla til að;
 - fá hugmyndir
 - mynda tengsl við eigin þekkingu og reynslu
 - virkja hugsun sína
 - átta sig á viðfangsefni textans.



Mikilvægt áður en lestur hefst:

- ▶ **Setja markmið** með lestrinum með því að spyrja spurninga sem þarf að fá svör við.
- ▶ **Velja viðeigandi aðferð** sem byggir á forspá og spurningum;
 - skanna textann til að finna ákveðið atriði
 - byrja á að lesa samantekt eða spurningar í lok kaflans fyrst til að fá yfirlit um viðfangsefni hans.


Mikilvægt á meðan lesið er:



- ▶ ***Fylgjast með skilningi sínum;***
 - leita eftir aðalatriðum textans
 - greina innbyrðis tengsl upplýsinga, persóna...
 - gera sér í hugarlund
 - spyrja „getur þetta verið?“
- ▶ ***Sambætta nýja þekkingu fyrri þekkingu;***
 - tengja við eigin bakgrunnsþekkingu (hugsa upphátt eða í hljóði)
 - álykta eða sjá fyrir sér
 - skýra betur eða bæta við í það sem fram kemur í textanum.

Mikilvægt á meðan lesið er:

- ▶ nýta allar vísbendingar til að skilja óþekkt orð
- ▶ leita að skýringum og mikilvægum atriðum
- ▶ meta mikilvægi upplýsinga
- ▶ flokka upplýsingar; mikilvægar, léttvægar, eiga ekki við
- ▶ beita viðeigandi aðferðum þegar merking er óljós; endurlesa eða lesa áfram til að finna skýringu.



Mikilvægt á meðan lesið er:


► *Spá fyrir um og spyrja spurninga til að;*



- bæta eða staðfesta forspá
- svara eigin spurningum eða endurskoða þær og spyrja nýrra spurninga.

► *Lesa textann með mismunandi nákvæmni;*

- skanna það sem skiptir litlu máli
- endurlesa það sem er mikilvægt/ torskilið
- rifja upp
- skrá til að ná merkingu textans.



Mikilvægt að lestrinum loknum:

- ▶ ***Draga saman og samþætta;***
 - rifja upp í huganum, umorða
 - skrifa samantekt
 - bera saman við þekktar meginhugmyndir á sviðinu
 - velta fyrir sér markmiði og sjónarhorni höfundar.
- ▶ ***Bregðast við á viðeigandi hátt;***
 - mynda sér persónulega skoðun
 - gagnrýna eða meta
 - nýta það sem lesið hefur verið.

Mikilvægt að lestrinum loknum:

- ▶ **Bera saman við aðrar upplýsingar eða tengja á annan hátt við lesefni og aðra þekkingarbrunna.**
- ▶ **Athuga hvort lesefninu hafi verið gerð fullnægjandi skil:**
 - Var spurningum svarað?
 - Var framsetning og túlkun höfundar fullnægjandi?
 - Er löngun eða þörf fyrir að lesa meira, læra meira
 - eða leita eftir frekari upplýsingum til staðar?

Leikskóli – yngsta stig grunnskóla

- ▶ *Samræðulestur*
- ▶ *Að gera sér í hugarlund*
- ▶ *Unnið með orsaka- og merkingarleg tengsl*
- ▶ *Tilfinningaleikurinn: Ályktað um tilfinningar út frá tilfinningaorðum.*

Leikskóli – yngsta stig grunnskóla

- ▶ *Því meira sem við lærum – því meira langar okkur til að vita*
- ▶ *Ég hef orðið: Hver hefur merkinguna?*
- ▶ *Orða – bak – forði*
- ▶ *Bókagerð.*



Eflum lesskilning

